

Ég hef heimsótt Lækninglind Bláa lónsins með hléum um margra ára skeið og hefur árangurinn af meðferðinni alltaf verið góður. Mér finnst frábært að fá tækifæri til að nýta íslenskt hugvit og þróun í okkar náttúru og spara á móti innflutt krem og ferðir erlendis.

***Það er notaleg stund að maka á sig leirnum og baðast í kísilblandaða vatninu. Aðstaðan í Lækningalindinni er til fyrirmyndar og viðmót starfsmanna afar gott.***

Þó að það taki vissulega dálítinn tíma að aka á milli og dvelja stundarlangt í Lækningalindinni þá vel ég frekar þann meðferðarkost umfram aðra. Tíminn nýtist til að skipuleggja ýmislegt í huganum, til ihugunar og slökunar.

Það er því vel þess virði að koma í heimsókn í Lækningalind Bláa lónsins.